

Tillögur stjórnar til breytinga á lögum SI

Iðnþing 2019

Lagt til að aftan við 3. gr. laga SI bætist „og tengdum greinum.“

Skýring: Stjórn SI þykir skilyrði fyrir aðild SI of óljós og því lagt til að ákvæði sé breytt og taki mið af hlutverki SI skv. 1. mgr. 2. gr. laganna þar sem Samtök iðnaðarins teljast vera vettvangur fyrirtækja, einstaklinga og félaga í iðnaði og *tengdum greinum*.

Lagt er til að:

- a) aftan við 1. másl. 1. mgr. 10. gr. laga SI bætist nýr málsliður: *Fái félagsaðili afslátt af félagsgjöldum vegna skilvísra greiðslna reiknast fjárhæð afsláttar jafnframt til atkvæðamagns, í samræmi við 2. mgr. 10. gr.*
- b) 3. másl. 1. mgr. 9. gr. laga SI falli brott.

Skýring:

- a) Hjá Samtökum iðnaðarins er félagsaðilum veittur afsláttur af félagsgjöldum ef félagsaðili stendur í skilum með félagsgjöld á réttum tíma, svokallaður afsláttur vegna skilvísra greiðslna. Er hér lagt til að skilvísri félagsaðila skili sér ekki eingöngu í afslætti af félagsgjöldum heldur jafnframt hafi það jákvæð áhrif á atkvæðavægi.
- b) Málsliðurinn mælir fyrir um að atkvæðamagn hvers félagsaðila reiknist af greiddu félagsgjaldi. Um atkvæðamagn er fjallað í 10. gr. og því er um tvítekningu að ræða. Um er að ræða breytingu til einföldunar en ekki efnisbreytingu.

Lagt er til að 1. mgr. 19. gr. laga SI hljóði svo: *„Formaður er kosinn sérstaklega til tveggja ára í senn. Meðstjórnendur eru jafnframt kosnir til tveggja ára í senn og ganga því fjórir þeirra út annað árið en fimm hitt. Komi einungis fram jafnmörg framboð til stjórnar og kjósa á um, skal engu að síður fara fram kosning.“*

Skýring: Lagt er til að formaður sé kosinn til tveggja ára í senn, líkt og aðrir stjórnarmenn. Kemur greinin til framkvæmda fyrir Iðnþing 2020.

Lögð er til breyting a 2. mgr. 19. gr. laga SI sem hljóði svo: *„Kjörgengir eru einstaklingar sem eiga aðild að SI og þeir sem sinna daglegum stjórnunarstörfum eða sitja í stjórn hjá félagsaðila.“*

Skýring: Í ljósi þess að félagsaðilar SI eru bæði einstaklingar, á eigin kennitölu, og fyrirtæki er nauðsynlegt að skýra betur, til samræmis við framkvæmd og almennar reglur um réttindi félagsmanna í almennum félagsamtökum, ákvæði laganna um kjörgengi.